

1856. greiða kostnað þann, er af því rís, á þann hátt, sem fyrir
24.nóvemb. er getið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

11. desemb. **25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um styrk úr jafnaðarsjóði suður-umdæmisins til að kaupa fyrir meðöl handa holdsveikum í Gullbringu sýslu.**

Um leið og herra stiptamtmaðurinn hefir sent dómsmálastjórninni skýrslu frá landlækninum á Íslandi, Dr. med. Hjaltalín, um holdsveika í Stranda og Rosmhvalaness hreppum í Gullbringu sýslu, hafið þér í þóknanlegu bréfi 10. júní þ. á. skýrt frá því, að þér í tilefni af því, sem landlæknirinn hefir sagt um að meðöl þau, er lögð eru fátækum, væri ónóg í þessu lækni-umdæmi, hafi skrifað hlutaðeiganda sýslumanni um, að skipa sveitastjórnunum að gefa holdsveikum mönnum þeim, sem ekki geta sjálfir borgað meðöl þau, sem læknirinn hefir ráðlagt þeim að brúka, skrifleg skýrteini til lyfsölumannsins um, að meðöl þau, sem þeir samkvæmt fyrirsögn læknisins biðja um, verði borguð af hlutaðeiganda sveitarsjóði. En þareð gjöra má ráð fyrir, að þvílík viðbót við sveitarútgjöldin yrði býsna mikil, og fyrir Rosmhvalaness hrepp, hvar skýrslan segir að sè 27 holdsveikir, svo þúngbær, að hinir fáu menn, sem í þessum hreppi leggja til sveitar, ekki muni geta goldið það sem þarf til sveitarinnar, nema sjálfir að verða bláfátækir, hefir herra stiptamtmaðurinn þarhá stungið uppá, að amtinu fyrst um sinn væri heimilað vald á að verja allt að 80 rd. á ári úr jafnaðarsjóðinum til meðalakaupa handa fátækum holdsveikum mönnum, einkum í Rosmhvalaness hreppi, en vitnisburðir lækni og sveitastjórnarinnar væri sönnun fyrir þessum útgjöldum.

Stjórnin verður nú, eptir því sem ástatt er, að fallast á

þessa uppástúngu herra stiptamtmannsins, og vonar stjórnin einnig á ári hverju eptir skýrslu um upphæð á því, sem í nefndu ^{1856.} 11. desemb. augnamiði er goldið úr jafnaðarsjóði umdæmisins handa sérhverjum hreppi.

1. Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 5. apríl 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu. ^{1857.} 6. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum, lög 5. aprílm. 1850, um að útlendir gyðingar megi setjast að í ríkinu, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Eins og það er innlendum gyðingum heimilt að setjast að á Íslandi, eins mega einnig útlendir gyðingar taka sér þar bólfestu, án þess að vera þeirra þar á landi sé bundin öðrum takmörkum, en þeim, sem eiga sér stað um veru annara útlendra manna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

2. Tilskipun um breyting á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosningum til alþingis. 6. janúar.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúu alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um breyting á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosningunum til alþingis, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Kosningarrétt til alþingis skulu hér eptir eiga:

a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra